



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

## Fundargerð skólaráðsfundar

24. september 2018 kl. 16:15 í gamla skóla

**Mættir eru:** Oddný Björk Danielsdóttir, Ólafía Þórunn Stefánsdóttir, Sonia Del Carmen Stefánsson, Gunnar Einarsson, Jóna Mist Márusdóttir, Bjarnheiður Jónsdóttir, Svandís Egilsdóttir, Tinna Guðmundsdóttir sem ritar fundargerð

1. **Lög um skipan og hlutverk skólaráðs:** Skólastjóri býður fundarmenn velkomna og fer yfir lög um skipan og hlutverk skólaráðs.
2. **Starfsáætlun Seyðisfjarðarskóla:** Starfsáætlanir allra deilda Seyðisfjarðarskóla er lögð fyrir fundinn. Umræður um áætlunina. Fulltrúi leiksskóladeildar óskar eftir því að starfsmannafundur í leiksskóladeild séu mánaðarlega og fulltrúi foreldra ítrekar áhyggjur foreldra af umferðaöryggi í kringum skólann líkt og kemur fram í áætluninni. Skólaráð fagnar að gerður verður þjónustusamningur við Tröppu. Skólaráð leggur til að Mentor verði notaður ennfrekar í samskiptum við foreldra á öllum skólastigum og tekur undir lokaorð skólastjóra í starfsáætlun þar sem kallað er eftir framtíðarstefnu í húsnæðismálum.
3. **Félagsmiðstöð og félagsmál nemenda í vetur:** Illa gengur að manna félagsmiðstöðina. Í vinnslu að hálfu skólans er að leyfa efsta stigi að taka þátt í Þjóðleik og skyndihjálparnámskeiði á fristundatíma. Fulltrúi foreldra greinir frá því að foreldrafélagið er tilbúið að koma að félagsmiðstöðinni fyrir miðstigið og undirbúa námskeið fyrir yngsta stigið.
4. **Matseðlar skólamötuneytis:** Matseðlar fyrir 10 vikur lagðir fram. Ráðið leggur til að úrval á grænmeti sé aukið, sérstaklega fyrir þá sem borða ekki kjöt eða fisk. Mjög sniðugt væri að koma upp salatbar. Sett var út á matarúrval sem er ekki í samræmi við heilsueflandistefnu skólans, s.s. rúgbrauð, malakoff, spægipylsu, kakósúpu og stafasúpu. Umræður um tímasetningu á matartíma: Fulltrúar nemenda vilja seinka hádegismat fyrir sitt leyti, sérstaklega þegar skóladagurinn er langur, þá eru þau orðin svöng við lok dags, að skömmtunarkerfi sé tekið af og einnig benda þau á að soðni fiskurinn sé sérstaklega slepjulegur, þetta haustið.
5. **Annað:** Fulltrúar nemenda vilja að heimanámstími verði aftur í boði á stundaskrá.

Fundi slitið kl. 17:55.